

Nefndasvið Alþingis
Félags – og tryggingamálanefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum (30. mál).

Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Tillagan gerir ráð fyrir að hleypt verði af stokkunum aðgerðum til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum.

Þó það megi teljast æskilegt að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast á flestum sviðum þjóð- og atvinnulífs þá er ekki þar með sagt að þörf sé á sértækum opinberum afskiptum til að tryggja að svo verði. Þróunin er sú að hlutfall karla og kvenna í ýmsum geirum er að jafnast og ólíklegt er að sú þróun sé afrakstur opinberra aðgerða.

Að auki er almennt vafasamt að ætla að auka opinber útgjöld á þessum afar erfiðu tímum í íslensku efnahagslífi þó þau séu vissulega minniháttar í þessu tilfalli. Margt smátt gerir hins vegar eitt stórt og nú stendur ríkissjóður frammi fyrir því að þurfa að skera niður útgjöld um 40 ma. kr. eða auka skattheimtur sem því nemur eða um 2,4% af landsframleiðslu. Aukin skattheimta er ekki valkostur að mati Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð telur eðlilegast og líklegast til árangurs að stjórnmalaflokkarnir taki það upp með sjálfum sér að útfæra og framkvæma hugmyndir þær sem þverpólitíska nefndin lagði til á sínum tíma og fjallað er um í tillögunni. Ef sveitarstjórnir og Alþingi eiga að endurspeglar ákveðinn þverskurð mannlífsins, t.a.m. hvað kynjahlutföll varðar, þá liggur beinast við að fulltrúar þeirra sem fylla sæti sveitarstjórna og Alþingis reyni eftir fremsta megni að tryggja slíkan þverskurð.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs